

**Sp.**

**432. Tillaga til þingsályktunar**

[244. mál]

um lífeyrisréttindi húsmæðra.

Flm.: Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um lífeyrissjóð fyrir þær húsmæður sem ekki hafa þegar öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóði.

**Greinargerð.**

Eitt alvarlegasta misrétti í þjóðfélaginu er hve misjafn eftirlaunaréttur manna er. Allflestir landsmenn hafa þó öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóðum þótt kjörin séu mjög misjöfn, sumir verðtryggðir en aðrir ekki. Einn stærsti hópurinn sem enn þá stendur utan lífeyrissjóða og nýtur ekki annars lífeyris en ellilauna, sem engan veginn nægja til framfærslu, eru þær húsmæður sem hafa unnið á heimilum sínum og fjölskyldna sinna án þess að taka formleg laun úr hendi einhvers atvinnurekanda. Störf þessara húsmæðra hafa verið og eru síst minna virði fyrir þjóðfélagið en störf þeirra sem launaða vinnu hafa stundað.

Fjölskyldan er hornsteinn þjóðfélagsins og vinna við barnauppeldi og heimilisstörf eru mjög mikilvæg, ekki síður en hliðstæð störf sem innt eru af hendi utan heimilis gegn launagreiðslum. Telja verður réttmætt að allar þær húsfreyjur, sem þegar eru komnar á eftirlaunaaldur, fái strax rétt til greiðslna úr sjóðnum. Þess vegna er sennilega óhjákvæmilegt að ríkið leggi fram stofn að sjóðnum. Það er að vissu leyti eðlilegt þar sem þessar húsfreyjur hafa í mörgum tilfellum sparað ríki og sveitarfélögum mjög verulegar fjárhæðir með því að gæta barna sinna sjálfar. Hins vegar verður að gera ráð fyrir að heimavinnandi húsmæður greiði til sjóðsins framvegis og fái þær eldri einnig heimild til að kaupa sér aukinn rétt.

Flm. telur sjálfsagt að stefna að einum sameiginlegum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Því máli hefur nokkrum sinnum verið hreyft á Alþingi en ekki orðið úr framkvæmdum. Þessi lífeyrissjóður gæti síðar orðið stofn að sameiginlegum lífeyrissjóði allra landsmanna. Flm. telur að til þess að einum lífeyrissjóði verði komið á þurfi nokkurra ára aðlögunartíma, en leysa verður hinn bráða vanda þeirra sem eru réttlausir. Til greina kemur að dómi flm. að ákveða með lögum að allir lífeyrissjóðir skuli sameinaðir árið t. d. 1995. Undirbúningur gæti orðið þannig að frá ákveðnum degi greiddu allir landsmenn á starfsaldri tillag í lífeyrissjóð allra landsmanna og þeir, sem þess óskuðu, gætu fært réttindi sín úr sérlífeyrissjóði til þessa sjóðs um nokkurra ára skeið til baka. Eldri sjóðirnir störfuðu áfram til þess að greiða lífeyri til þeirra sem eiga þar réttindi meðan þeim endast fjármunir eða þar til samkomulag næðist um inngöngu sérsjóða í lífeyrissjóð allra landsmanna.

Réttleysi hinnar heimavinnandi húsmóður í lífeyrismálum má ekki láta viðgangast, því er þessi tillaga flutt.